



Landssamtök hjólréiðamanna
Pósthólf 5193
125 Reykjavík
www.hjol.org
lh@islandia.is

Framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar

28. ágúst 2005

Skúlatúni 2

105 Reykjavík

Efni. Hönnun gatnamóta

Þann 20. september 2004 sendu Landssamtök hjólréiðamanna bréf til samgöngunefndar þess efnis að ekki væri tekið tillit til hjólandi umferðar í hönnun gangbrauta við Kringlumýrarbraut (sjá meðfylgjandi bréf).

Nú ber svo við að undanfarna mánuði hefur mikið jarðrask átt sér stað við gatnamót Kringlumýrar- og Miklubrautar, þá sérstaklega á kræklóttri leið gangbrautanna. Gatnamótin hafa því verið ákaflega torfær í allt sumar þó vel hefði mátt bæta ástandið með smá tillitssemi verktaka.

Ekki er að sjá á þeim framkvæmdum sem nú eiga sér stað á þessum stað að bréf Landssamtaka hjólréiðamanna fyrir ári hafi nokkuð haft að segja því allt bendir til þess að leið hjólandi og gangandi vegfarenda verði vörðuð óþarfa beygjum og köntum. Sama má segja um gatnamót Kringlumýrar- og Laugavegar. (sjá meðfylgjandi myndir)

Í því ljósi að starfshópur um bætt aðgengi hjólréiðafólks virðist hafa dagað uppi í stjórnkerfi Reykjavíkur óska Landssamtök hjólréiðamanna eftir fundi með framkvæmdaráði Reykjavíkurborgar. Það er brýnt að ræða um hönnun og frágang gangstétta og göngubrauta og raunverulega stefnu borgarinnar í málefnum hjólréiðafólks.

F.h. Landssamtaka hjólréiðamanna,

Magnús Bergsson



Ákaflega varasamir kantar hafa verið endurgerðir við gatnamót Kringlumýri- Miklubraut þó svo Landssamtök hjólreiðamanna hafa ítrekað bent á þá hættu sem af þeim stafar fyrir vegfarendur og snjóruðningstæki.



Það er óskiljanlegt hvers vegna leggja þarf þessar slysagildirur fyrir hjólreiðafólk. Þessir kantar eru það lágir að þeir geta auðveldlega horfið undir snjó og felld bæði gangandi og hjólandi. Hjólreiðafólk þarf að taka 8 beygjur aðeins til að komast yfir gatnamót af þessum toga.



Lengi getur vont versnað. Hér er burðarvirki umferðarljósana komið ofan í miðjan stíginn. Þessi leið verður því ófær snjóruðningstækjum og hjólreiðafólki með tengivagna.



Flestir hjólreiðamenn kjósa að leggja krók á leið sína fram hjá hindrunum gatnamótana. Eftir stendur sú spurning, fyrir hverja er verið að hanna þessar hindarnir sem taka marga mánuði í byggingu ef þau taka ekki mið af þeirri umferð sem eftir stígunum fara? Það er mikilvægt að hanna gatnamót með það í huga að öryggi og aðgengi þeirra sem um þau fara sé hvorki hættuleg eða torfær.